



Fundargerð 270.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 13. apríl 2022 kl. 16.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga á Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson og Þórhallur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur 2021.

Davíð Búi Halldórsson frá ENOR sat fundinn undir þessum lið og fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur voru 568,1 millj. Rekstrargjöld 521,3 millj. Þar af afskriftir 97,6 millj., og nettó fjármagnsgjöld 24,7 millj. Hagnaður ársins að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda var 22,1 millj.

Ársreikningurinn var undirritaður og samþykkt að vísa honum til aðalfundar.

2. Staða verklegra framkvæmda.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu verklegra framkvæmda. Stálþil sem notað verður við endurbyggingu Torfunefsbyggju kom til Akureyrar í vikunni og verður útboð á niðurrekstri væntanlega í júní n.k. Stefnt er áfram að því að reka þilið niður næsta haust. Jafnframt er von á dýpkunarskipi í vor til að fylla upp fyrir framan væntanlega byggju.

Síðasti skiladagur tillagna í hönnunarsamkeppni uppbyggingar á Torfunefssvæðinu var 27. mars sl. Dómnefnd er enn að störfum og stefnt er að því að kynna vinningstillöguna þann 27. apríl n.k.

3. Komur farþegaskipa sumarið 2022.

Horfur fyrir sumarið eru mjög góðar og litlar breytingar hafa verið á væntanlegum skipakomum síðustu vikur. Bókunarstaðan í dag gerir ráð fyrir 204 skipum þar af 33 til Grímseyjar og 13 til Hríseyjar. Heildarstærð skipanna er 8,6 millj. brúttótonna. Allur undirbúningur hafnarinnar og þjónustuaðila byggist á góðu ferðamannasumri.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.



Fundi var slitið kl. 17:10

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson ritari

Ólína Freysteinsdóttir

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Þróstur Friðfinnsson

Þórhallur Jónsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
